

TILLAGA

Skipulags- & framkvæmdaráð | 27. sept. '21

Mál – 201907052 Leikvellir í Norðurþingi

Tillaga

Undirritaður lagði til á sínum tíma að leikvöllum yrði fækkað og þeim betur við haldið og markvisst yrði unnið að uppbyggingu þeirra. Það hefur nú þrívægis verið staðfest í sveitarstjórn. Undirritaður leggur því til að unnið verði eftir samþykktri tillögu um að settir verði fjármunir í einn leikvöll á ári þannig að þeim verði viðhaldið. Byrjað verði á leiksvæðinu milli Baughóls og Uppsálavegar á Húsavík.

Greinargerð

Á sínum tíma voru 17 leikvellir á Húsavík og var þeim fækkað niður í 10. Settir voru fjármunir í verkefnið við upphaf þess en því miður dregið úr bæði viðhaldi og nýframkvæmdum á leikvöllum. Auk þess var samþykkt, bæði í Tómsunda- og æskulýðsnefnd sem og Framkvæmdanefnd að bæta aðgengi að leikvöllum og merkja þá svo þeir væru sýnilegir. Mögulega má fækka leikvöllum enn frekar.

Í tvígang hefur undirritaður lagt fram tillögu um að setja fjármuni í einn leikvöll ári, t.d. 5-10 milljónir þannig að þeim verði betur viðhaldið og farið í nýframkvæmd á hverju ári með einhvers konar viðbót á þann leikvöll sem á að sinna það árið. Sömuleiðis þarf að muna eftir leiksvæðinu á skólalóðunum á Raufarhöfn, Kópaskeri og við Lund. Jafnframt við Borgarhólsskóla og Grænuvelli á Húsavík.

Virðingafyllt

Hjálmar Bogi Hafliðason